

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2024

2024/EES/60/09

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/923 frá 3. maí 2023 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar blý og efnasambönd þess í pólývínýlklóríði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1530 frá 06. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með vetniskolefnisleysi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„— **32023 R 0923:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/923 frá 3. maí 2023 (Stjtið. ESB L 123, 8.5.2023, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2619):

„12zzzzzzzzze. **32023 R 1530:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1530 frá 6. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með vetniskolefnisleysi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 16).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2023/923 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1530, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 8.5.2023, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.